



## Fundargerð

455. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.  
Þriðjudaginn 18. ágúst 2020, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Engar athugasemdir bárust en óskað var eftir þremur málum á dagskrá undir liðnum önnur mál. Samþykkt var að taka málin til afgreiðslu.

## Dagskrá:

### Fundargerðir nefnda og stjórna sveitarfélagsins

#### 1. 454. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Fundur í skipulags, húsnaðis- og hafnanefnd 13. ágúst 2020.

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.*

2.1 2008002 - Framkvæmdaleyfi fyrir plægingu á jarðstreng.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

2.2 2008006 - Garðar, landnr. 139553, umsókn um byggingaleyfi.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

2.3.2006006 - Hafnarframkvæmdir dýpkun.

*Sveitarstjórn er meðvituð að um mjög mikilvægt verkefni er að ræða. Ekki er gert ráð fyrir fjármunum í verkefnið á áætlun ársins. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við forstjóra Þörungaverksmiðjunnar og Vegagerðina. Samþykkt samhljóða.*

2.4 1805012 - Slökkvihús í Flatey.

*Sveitarstjórn samþykkir að funda með Flateyjarveitum vegna málsins.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 2006009 - Fjárhagsáætlun 2020, breyttar forsendur, viðauki.

*Lagður er fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2020. Vegna breyttra forsendna í samfélaginu, dragast tekjur sveitarfélagsins verulega saman árið 2020. Í viðauka er gert*

*ráð fyrir lækkun á framlagi Jöfnunarsjóðs að upphæð 27.5 millj. króna. Auk þess er gert ráð fyrir minni tekjum sundlaugar 2 millj. og hafnar 8 millj. Til að mæta þessum breyttum forsendum er dregið úr viðhaldsfé á hinum ýmsu deildum sveitarfélagsins. Viðauki gerir ráð fyrir að niðurstaða samstæðu fari úr ætluðum 38 millj. kr. afgangi í 6,8 millj. kr. afgang árið 2020.*

*Í viðauka er auk þess flutt fjármagn á milli liða.*

*0,5 millj. fluttar af viðhaldi tækja mötuneyti á framkvæmd vegna eldhúss.*

*3,2 millj. fluttar af eigninni Reykhólaskóli á framkvæmd vegna eldhúss.*

*1,4 millj. fluttar af eigninni Leikskóli á framkvæmd vegna eldhúss.*

*2,1 millj. fluttar af eigninni sundlaug á framkvæmd sundlaugar.*

*Sveitarstjórn samþykkir viðauka samhljóða.*

*Sveitarstjórn skorar á ríkisvaldið að koma til móts við sveitarfélögin vegna lægri tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.*

2. 2008008 - Umsókn um námsvist utan lögheimilssveitarfélags.

*Sveitarstjórn samþykkir umsóknina samhljóða. Greitt verður skv. gjaldskrá og viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.*

3. 2008009 - Ráðningasamningar skólastjórnenda.

*Lagður er fram ráðningarsamningur við Sonju Dröfn Helgadóttir leikskólastjóra. Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.*

4. 2008010 - Sorppjónusta og endurvinnsla.

*Lögð er fram uppsögn Terra á samningi á milli Gámafélags Vesturlands (nú Terra) og Reykhólahrepps um sorppjónustu.*

*Sveitarstjórn samþykkir að ganga til viðræðna við Sorpsamlag Strandasýslu ehf. Samþykkt samhljóða.*

5. 2008011 - Gönguleið að kirkjugarði.

*Sveitarstjórn tekur vel í erindið, en óskar eftir frekari gögnum varðandi kostnað og útfærslu. Samþykkt samhljóða.*

6. 2008012 - Beiðni um styrk vegna útgáfu bókarinnar Flateyjarskinnu.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 200 þús. sem greiðist af áætlun ársins 2021. Vísað í gerð fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.*

7. 2008013 - Skólaakstur

*Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninga um skólaakstur við Þráinn Hjálmarsson og Vilberg Þráinsson. Samþykkt samhljóða.*

8. 2005017 - Þórisstaðir landnr. 205851, nýr samningur um landbætur vegna vegagerðar.

*Sveitarstjóra falið að koma tillögu að breytingum á framfæri. Samþykkt samhljóða.*

9. 2008014 - Byggðamál

Lögð eru fram bréf frá íbúum sveitarfélagsins, Steinunni Rasmus og Hrefnu Jónsdóttur.

Bréfin eru kynnt.

Sveitarstjórn ræddi byggðamál almennt. Rætt var um að bæta upplýsingaflæði til íbúa, bættan bæjarbrag. Áframhaldandi vinnu með Auðnast. Umsókn í Brothættar byggðir og fleira.

#### 10. 2008022 - Leiguíbúðarlán frá HMS.

Lagt fram skuldabréf vegna leiguíbúðaláns Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til Reykhóla hses. Reykhólahreppur sem eigandi húseignanna Hólatröð 5, 7 og 9 þarf að gefa veðleyfi og samþykki sitt fyrir láninu.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Reykhólum hses. veðleyfi, vegna leiguíbúðaláns, í húseignunum Hólatröð 5, 7 og 9 sem þinglýstur eigandi eignanna.

Hólatröð 5 að fjárhæð 18.499.272,-  
Hólatröð 7 að fjárhæð 23.039.564,-  
Hólatröð 9 að fjárhæð 18.499.272,-

Sveitastjórn samþykkir leyfið og felur sveitarstjóra að undirrita lánsskjölin fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra að vinna að flutningi eignanna frá Reykhólahreppi yfir á Reykhóla hses. Samþykkt samhljóða.

#### 11. 2008023 - Kvörtun vegna umgengni og tjóns.

Lagt er fram bréf frá Eiríki Kristjánssyni dagsett 21. júlí 2020. Sveitarstjóra falið að svara bréfitara. Samþykkt samhljóða.

#### 12. 2008024 - Starfsmannamál.

Lagðar eru fram uppsagnir tveggja starfsmanna.

Eiríkur Bjarnar Kjartansson hefur sagt starfi sínu lausu sem umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Lovísa Ósk Jónsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu sem ritari á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn þakkar Lovísu og Eiríki störf þeirra í þágu sveitarfélagsins.

### **Mál til kynningar**

#### 1. 2008015 - Fundargerð stjórnar Reykhólar hses. 12. ágúst 2020.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

#### 2. 2008016 - Könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga 2020.

Lagt fram og kynnt.

3. 2008017 - Sviðsmyndir um raforkunotkun á Vestfjörðum.

*Lagt fram og kynnt.*

4. 2008018 - Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga á Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029.

*Lagt fram og kynnt.*

5. 2008019 - Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum, stöðumat 2020.

*Lagt fram og kynnt.*

6. 2008020 - Fundargerð stjórnar Vestfjarðastofu 12. maí 2020.

*Lagt fram og kynnt.*

7. 2008021 - 179. fundur Breiðafjarðarnefndar 19. maí 2020.

*Lagt fram og kynnt.*

### **Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin**

1. Fundur í fjallskilanefnd 17. ágúst 2020 og fjallskilaseðill 2020.  
Formaður fór yfir fundargerðina.

- 1.1 Fjallskilaseðill 2020.

*Sveitarstjórn samþykkir fjallskilaseðil 2020. Samþykkt samhljóða.*

- 1.2 Kjör varamanns í fjallskilanefnd.

*Sveitarstjórn samþykkir kjör varamanns í nefndina. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

2. Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga vegna skutlaksturs.

*Lagt fram og kynnt.*

3. Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps.

*Rætt um breytingar sem gera þarf á samþykktinni.*

### **Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:40**


